

FUNDARGERÐ

3. fundar Menningarmálanefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps.

Fundartími: Mánudagur 16. október 2006 kl. 17:00.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn menningarmálanefndar. Andrés Viðarsson boðaði forföll og er Salóme Þóra mætt í hans stað. Kristín Marti boðaði forföll og er Guðrún Sigurðardóttir ekki mætt í hennar stað.

Ritari fundarins: Kolbrún Ósk

Formaður, Sif Hauksdóttir, setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

- 1. Samvinna menningarmálanefndar og Sóknarnefndar Víkurkirkju.**
Sóknarnefnd Víkurkirkju óskaði eftir samstarfi við Menningarmálanefnd um listburði og er Menningarmálanefnd samþykkt því að ganga til samstarfs við sóknarnefnd Víkurkirkju.
- 2. Stefnumótun í menningarmálum.**
Menningarmálanefnd vill vera sýnileg hvað það varðar að gera Mýrdalshrepp að áhugaverðum stað fyrir fólk að koma til, sjá og fylgjast með. Menningarmálanefnd fyrirhugar að koma á bæjarhátíð og menningarveri. Munum vinna áfram að stefnumótun.
- 3. Reglur um úthlutun styrkja.**
Formaður kynnti tillögur að nýjum reglum um úthlutun styrkja til menningarmála. Nefndin samþykkir tillögur og sendir sveitarstjórn Mýrdalshrepps til samþykktar.
- 4. Bókasafnið.**
Formaður hnykkir á lögum um almenningsbókasöfn. Verið er að skoða ýmsar hugmyndir er varða bókasafnið.
- 5. Önnur mál.**
 - a. Menningarmálanefnd stefnir að því að vera með vefsíðu um menningarmál í sveitarfélaginu í tengslum við heimasíðu Mýrdalshrepps.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:25

Sif Hauksdóttir formaður

Salóme Þóra Valdimarsd.

Sveinn Þorsteinsson

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir